

Alþingi  
Velferðarnefnd  
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarástíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 13. mars 2019

Tilvísun: 2019020368PS/--

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda**

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 21. febrúar 2019 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda (þskj. 273, 255. mál á 149. löggjafarþingi). Í frumvarpinu er lagt til að við tiltekna lagabálka verði bætt ákvæðum til að standa vörð um rétt barna sem eiga foreldri sem glímir við alvarleg veikindi og barna sem missa foreldri, annað eða bæði, vegna sjúkdóms eða af slysförum. Nánar tiltekið er um að ræða lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, barnalög nr. 76/2003, lög nr. 90/2008 um leikskóla, lög nr. 91/2008 um grunnskóla og lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Telja má að einkum geti reynt á persónuupplýsingalöggjöf í tengslum við ráðgjöf og stuðning við börn sem tillögur frumvarpsins gera ráð fyrir, en ætla verður að komið geti til skráningar upplýsinga um þau og foreldra þeirra í því sambandi. Verður að ætla að þá muni vinnsla upplýsinga geta stuðst við 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þess efnis að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvíli á ábyrgðaraðila. Þá ætti vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga að geta stuðst við 8. tölul. 11. gr. laganna þar sem meðal annars er fjallað um heimild til vinnslu slíkra upplýsinga á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Auk heimildar samkvæmt framangreindu þyrfti umrædd vinnsla að samrýmast lögum nr. 90/2018, en í frumvarpinu er að finna tilvísanir til þeirra laga, þess efnis að farið skuli að þeim. Er samkvæmt þessu ljóst að lítið hefur verið til hagsmuna af vernd persónuupplýsinga og

fríðhelgi einkalífs við samningu frumvarpsins. Telur Persónuvernd ekki tilefni til sérstakra, efnislegra athugasemda við ákvæði þess.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Rebekka Rán Samper